

259. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs., haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 23. febrúar 2009 klukkan 07.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Páll Hilmarsson, Ómar Stefánsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Sigurbjörn Rafn Úlfarsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í síma og Þór Sigurgeirsson.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir og Bjarni G. Hjarðar yfirverkfræðingur.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2008.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir ársreikning 2008. Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

Kynnt drög að skýrslu endurskoðanda með ársreikningi 2008.

2. Rekstraráætlun 2009

Með vísan í bókun stjórnar frá 15.12. 2008 og aðgerða sem gripið var til í október þar sem yfirstjórn var falið að leita allra leiða til sparnaðar er framkvæmdastjóra falið að ræða við yfirstjórn um 7,5% lækkun launa tímabundið frá 1. maí 2009 til 31. desember 2009. Stjórn ákveður að stjórnarlaun lækki um 10% frá 1. febrúar 2009.

Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að svara bréfi Reykjavíkurborgar þar sem farið er fram á upplýsingar um laun yfirstjórnar SORPU bs.

3. Útboð á byggingu endurvinnslustöðvar í Hafnarfirði.

Stjórn samþykkir samhljóða að leita skulu tilboða í byggingu endurvinnslustöðvar að Breiðhelli, Hafnarfirði.

4. Fulltrúi á aðalfund Metan hf.

Stjórn samþykkir að formaður stjórnar Herdís Sigurjónsdóttir fari með atkvæði SORPU bs á aðalfundi Metan hf.

5. Móttaka á raftækjaúrgangi- skilakerfi raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Lagt fram og kynnt minnisblað framkvæmdastjóra, vegna móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi dagsett 18.02.2009.

Stjórn áréttar bókun frá 15.12.2008. Komi til þess að skilakerfi fái frjálstan aðgang inn á endurvinnslustöðvar geti það sett samninga SORPU bs við verktaka í uppnám og leitt af sér stóraukinn kostnað sveitarfélaganna við rekstur

endurvinnslustöðvanna. Ekki er gert ráð fyrir slíkum kostnaði í rekstri sveitarfélaganna.

6. Áhersla Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum ásamt aðgerðaráætlun þar að lútandi.

Stjórn SORPU fagnar gerð stefnu sambandsins í úrgangsmálum og aðgerðaráætlun henni fylgjandi sem væntanlega leiðir til samræmdra aðgerða sveitarfélaga í landinu til hagsbóta fyrir íbúa og umhverfi.

7. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um bréf frá Íslenska gámafélaginu, dagsett 29.01.2009 varðandi fyrirspurn um móttöku á sorpi og svar framkvæmdastjóra dagsett 08.02.2009.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari: Sigríður B. Einarasdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir
Páll Hilmarsson
Ómar Stefánsson
Björn H. Halldórsson

Sigurbjörn Rafn Úlfarsson
Þór Sigurgeirsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Bjarni Hjarðar